

Efni: Leiðbeiningar til sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks um skil upplýsinga vegna iðgjalds sjúklingatryggingar

Vísað er til bréfa sem send voru sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólki dags. 21. nóvember og 17. desember 2024 um breytingu á lögum um sjúklingatryggingu. Bréfin má nálgast á eftirfarandi hlekk: [Sjúklingatrygging 2025 | Sjúkratryggingar](#). Sjúklingatrygging sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks fluttist til Sjúkratrygginga 1. janúar 2025 og hefur tryggingin tekið gildi.

Reglugerð um iðgjald vegna sjúklingatryggingar

Reglugerð um iðgjald vegna sjúklingatryggingar var gefin út af heilbrigðisráðuneytinu þann 30. desember 2024. Með reglugerðinni er fylgiskjal með áhættuflokkun heilbrigðisstarfsfólks og upphæðum iðgjalda fyrir hvern áhættuflokk. Reglugerðina má nálgast á eftirfarandi hlekk: [Reglugerð um iðgjald vegna sjúklingatryggingar](#).¹

Leiðbeiningar um skil á upplýsingum

Svo unnt sé að innheimta iðgjöld með réttum hætti þarf sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólk nú að skrá upplýsingar um starfshlutfall sitt, tímabil (ef starf nær aðeins yfir lítinn hluta árs) og launþega rekstrar ef við á. Upplýsingarnar verða notaðar sem grundvöllur álagningar iðgjalds samkvæmt reglugerð.

Útbúið hefur verið nýtt viðmót til þess að taka við þessum upplýsingum. Heilbrigðisstarfsmaður sem er ábyrgðarmaður rekstrar skráir sig inn á Gagnagátt Sjúkratrygginga á eftirfarandi hlekk: [Innskráning](#). Eftir innskráningu er flippinn *sjúklingatrygging* valinn á hliðarstiku til vinstri, sjá mynd.

¹ Að ósk heilbrigðisráðuneytis benda Sjúkratryggingar á upplýsingar um niðurstöðu samráðs vegna reglugerðar um iðgjöld vegna sjúklingatryggingar. Upplýsingarnar má finna hér: <https://island.is/samradsgatt/mal/3866>.

Þjónusta Sí

- Skjal
- Viðskiptastaðan mín
- Sjúklingatrygging
- Sjúklingatrygging**
- Réttindastaða einstaklings

Á síðunni sem þá birtist má finna upplýsingar um hvernig skráningu er háttað.

Ef þörf er á aðstoð við innskráningu í gagnagátt má hafa samband við hjalp@sjukra.is. Aðrar fyrirspurnir má senda á netfangið sjuklingatrygging@sjukra.is.

Rekstraraðilaskrá embættis landlæknis

Framangreind skráning mun miða við rekstrarleyfisnúmer sem er gefið út af embætti landlæknis. Nánari upplýsingar um rekstrarleyfi er að finna á vefsíðu embættisins sem má nálgast á eftirfarandi hlekk [Rekstur heilbrigðisþjónustu | Ísland.is](#).

Tímafrestir og greiðsla iðgjalds

Samkvæmt reglugerð um iðgjöld vegna sjúklingatryggingar er frestur til þess að gera framangreinda skráningu til 15. janúar 2025. Ef mistök eru gerð við skráningu er unnt að lagfæra hana eftir á.

Þegar upphæð iðgjalda liggur fyrir verður hægt að óska eftir greiðsludreifingu og skrá greiðanda iðgjalds, t.d. ef það er félag heilbrigðisstarfsmanns. Sjúkratryggingar munu upplýsa heilbrigðisstarfsfólk þegar kemur að þessu skrefi í ferlinu og upplýsa þá frekar um skilyrði greiðsludreifingar. Samkvæmt reglugerð um iðgjöld vegna sjúklingatryggingar er frestur til greiðslu iðgjalda til 28. febrúar 2025.

Með góðri kveðju,

Berglind Ýr Karlsdóttir sviðsstjóri Tryggingasviðs

Ellen Ósk Eiríksdóttir verkefnastjóri í sjúklingatryggingu